

**Mál nr. 140/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Hringbrautar og Ánanausta þann 23.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.8.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Hringbraut og um hringtorg á gatnamótum Hringbrautar og Ánanausta. Var A ekið í ytri hring og B í innri hring. Við Ánanaust, sem eru fyrstu gatnamót sem bifreiðirnar komu að eftir að þeim var ekið inn í hringtorgið, var B beygt til hægri áleiðis út úr hringtorginu inn á Ánanaust. Rákust þá saman vinstra framhorn A og framanverð hægri hlið B.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir ökumanni A.

Ökumaður B kvað langa röð bifreiða hafa verið á hægri akrein og ekki hægt að komast inn í hana. Hann hafi hins vegar verið nánast einn á vinstri akreininni. Hafi hann því ekið inn á innri hring torgsins og gefið strax stefnumerki til hægri til það þeir sem eru á ytri hring sjái klárlega að hann ætli að beygja strax út úr hringtorginu. Við það varð árekstur með A og B.

**Álit.**

Eftir að ökumaður B ók inn í innri hring torgsins hugðist hann beygja til hægri út úr því strax við fyrstu gatnamót. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar honum að velja hægri akreinina og ytri hring torgsins, jafnframt að halda bifreiðinni sem næst hægri brún akbrautar, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Á þessu varð misbrestur og á ökumaður B megin sök á árekstrinum. Fram hjá því verður ekki litið að A var ekið yfir akreinalínu og ekki er vitað hvort ökumaður A hafi séð stefnumerki á B sem ökumaður þeirrar bifreiðar kveðst hafa gefið. Í ljósi þessa verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast og verður honum því einnig gefin nokkur sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 14. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.